

## SKJALAGERÐ OG SAGNARITUN

Afhverju hættu Íslendingar að skrifa sögur um sjálfa sig á 14. öld? Það er vafamál að algild svör megi gefa við slíkum spurningum, og víst að hin síðari ár hafa menn lítið fengist við að velta fyrir sér upphaflegum ástæðum sagnaritunar og því afhverju sagnagerð um innlenda menn og atburði rann sitt skeið. Eftir að mesti þjóðerniskrampinn rjátlaðist af Íslenskum fræðimönnum uppúr miðri öldinni, og kenningin um sambengi frjálsræðisanda og bókmenntasköpunar fór að þykja hæpin, hefur einkum verið lögð áhersla á samfelluna í sagnagerð miðaldamanna; að þó að menn hafi að mestu hætt að rita Íslendingasögur og samtímasögur eða yrkja dróttkvæði þá hafi sagnagerð ekki hnignað, því að við tók ritun virðulegra bókmennta eins og riddarasagna, fornaldarsagna og rímna.

Það er blessun að hafa losnað við hugmyndir um hnignun og dýrðarljóma, og þó að fagurfræðilegt mat á textum setji enn nokkurt mark á bókmenntasöguna, þá hefur ritskýring í þeim anda farið mjög halloka fyrir 'hlutlægari' útskýringum. Með breyttum áherslum í greiningu miðaldabókmennta hafa einnig orðið umskipti á þeim viðfangsefnum sem menn telja sig geta rannsakað. Aukin varkárni og hlutlægni virðist hafa haft í för með sér takmörkun rannsóknarsviðsins; í stað þess að leita nýrra leiða til að svara spurningum eins og þeirri sem sett var fram var hér að ofan, hafa menn tekið það ráð að spyrja þeirra ekki. Það verður að teljast afturför. Það er augljóst að það að Íslenskir miðaldamenn skrifuðu sögur og hvernig sögur þeir skrifuðu hlýtur að segja eitthvað um samfélag þeirra. Jafnaugljóst er að það er mikilvægt fyrir skilning okkar á miðaldabókmenntum - hvort heldur við lítum á þær sem heimildir um sögu og menningu eða listaverk - að gera okkur hugmyndir um hvað rak fólk til að skrifa og afhverju það skrifaði einmitt svona sögur.

Við slíkum áhyggjum eru engin einföld meðul, en hér verður þróun og lok sagnagerðar um samtímaatburði skoðuð í ljósi breytinga á stjórnsýslu og skjallagerð á 13. öld. Byggt er á þeirri einföldu forsendu að það sé eitt að læra að skrifa og annað að nýta alla þá möguleika sem ritmál býður upp á til að varðveita upplýsingar.

Sjálfsvitund er ein af forsendum mannlegs samfélags. Öll samfélög manna hafa hugmyndir um sjálf sig, gerð sína og uppruna, þó að áherslur geti verið mismunandi og hugmyndum sé komið á framfæri með ólíkum hætti. Hugmyndir geta haft gildi upplýsinga (t.a.m. sagnir eða kenningar um uppruna eða annan heim) eða stjórnað því hvað teljast áhugaverðar upplýsingar. Þekking eða vald yfir upplýsingum skiptir máli í öllum

samfélögum, og því meira sem þau eru flóknari og hafa þróaðri aðferðir til að safna upplýsingum og geyma þær.

Í samfélögum sem ekki nota ritmál, eru allar upplýsingar geymdar í minni manna. Með því móti má í sjálfu sér geyma mjög mikiðaf upplýsingum, en það eru hinsvegar mjög ákveðin takmörk fyrir því hvaða tegundir upplýsinga geymast í minni og á því hvernig unt er að koma þeim á framfæri. Sögur eru án nokkurs vafa einfaldasta og algengasta leiðin til að geyma upplýsingar í minni, en ýmis samfélög hafa einnig þróað minnistækni til að varðveita upplýsingar sem ekki er auðvelt að gera að sögu. Það eru venjulega upplýsingar sem hafa sérstakt gildi fyrir viðkomandi samfélag; á Íslandi á 10. og 11. öld hefur þetta t.a.m. átt við um lög og ættvsi. Í bóklausum samfélögum hafa þeir sem bjuggu yfir meiri þekkingu en aðrir, t.d. á lögum eða öðrum heimi, haft ákveðið forskot og getað nýtt það til áhrifa og valda. Síkum áhrifum hafa þó verið mikil takmörk sett miðað við það sem síðar varð. Þekking bóklauss samfélags á sjálfu sér var endanleg í þeim skilningi að hún rúmaðist í heilum nokkurra manna og kvenna, takmarkaðist við þær upplýsingar sem þau gátu skilað til næstu kynslóðar og hana var ekki hægt að auka á markvissan hátt. Til að geta safnað nýjum upplýsingum skipulega, unnið úr þeim og nýtt þær þarf ritmál. Ritmál er þó aðeins tæknileg forsenda þess að menn geti breytt afstöðu sinni til þekkingar, lært að einfalda upplýsingar til að gera þær viðráðanlegar, og þróað hugmyndir um það hvaða upplýsingar eru gagnlegar og líklegar til að auka eða styrkja völd og áhrif.

Breytt afstaða til þekkingar felur í sér að menn lýsa umhverfi sínu og veruleika á annan hátt en áður; atriði sem ekki var hægt að festa í minni verða mikilvæg þegar þau komast á skinn og ef þau reynast gagnleg á einhvern hátt, t.a.m. til að stjórna lífi annarra, festast þau í sessi sem hluti af sjálfsmynd samfélagsins. Lánskjaravísitalan er dæmi um verulega afleiddar upplýsingar, sem skipta máli þegar lýsa á ástandi samfélags okkar (þó við skiljum hana ekki öll); hún byggist á flóknum útreikningum og forsendum sem almennigur hefur litla þekkingu á og takmarkað vald yfir, og túlkunin á merkingu hennar er tæki í valdabrótti stjórnmálamanna. Það er greinilegur eðlismunur á lánskjaravísitölunni og þeirri þekkingu sem fólk í bóklausum samfélögum bjó yfir og notaði í sínu valdabrótti. Það er hinsvegar aðeins stigsmunur á vísitölum nútímans og þeim upplýsingum um samfélagið sem Íslendingar á 14. og 15. öld réðu yfir. Eftir að biskupsstólarnir höfðu komið upp skipulegum skjalasöfnum, skriflegar staðfestingar á samningum ýmiskonar, eignatilfærslum, vitnisburðum og dómum voru orðnar algengar (og þar með nauðsynlegar) og skrár um eignir, skuldir og réttindi orðnar hluti af rekstri stórbúa og stofnana, höfðu forsendur skapast til að safna miklu af upplýsingum og nota þær í daglegum rekstri jafnt sem valdabaráttu. Og það gerðu menn, þó að aðferðirnar hafi verið ófullkomnar og ónákvæmar á okkar mælikvarða. Hugmyndir 14. aldar manna um samfélag sitt hafa mótast

af þeim upplýsingum sem þeir höfðu aðgang að, og það er augljóst að þær upplýsingar voru allt annars eðlis en þær sem Íslendingar á 10. öld réðu yfir.

Það liðu um 200 ár frá því að Íslendingar byrjuðu að skrifa á skinn þar til skjalagerð var orðinn umtalsverður þáttur í daglegu lífi manna og varanleg skjalasöfn urðu til. Á þeim tíma voru skrifuð hér á landi feiknafrin af sögum, bæði um fjarlæga og nálæga fortíð, innlenda menn og erlenda, en um svipað leyti og Auðun rauði Hólabiskup lagði grunninn að skilvirkri stjórn biskupsdæmisins með máldagasafni sínu (1318)<sup>1</sup> tóku áhugamál sagnaritara að breytast og færast yfir á furðulegri strandir. Vitanlega er ekki um beint orsakasamhengi að ræða hér, en tengsl eru á milli engu að síður. Í Íslendingasögum annarsvegar og máldögum eða rekaskrár hinsvegar er upplýsingum komið til skila á mjög ólíkkan máta, en breytingarnar sem urðu í kringum aldamótin 1300 fólust ekki í því hvernig upplýsingum var komið á framfæri heldur vörðuðu þær það hverskonar upplýsingar menn gátu nýtt sér til að lýsa aðstæðum sínum og hafa áhrif á umhverfi sitt.

Lítum fyrst á þróun skjalagerðar á 12. og 13. öld. Í Kristinnalagabætti Grágásar er farið fram á að kirkjubændur láti rita máldaga um eignir kirkna sinna og gjafir til þeirra.<sup>2</sup> Ákvæðið er illmögulegt að tímasetja, það er ekki óhugsandi að það hafi staðið í Kristnirétti þeim er biskuparnir Ketill og Þorlákur létu skrifa 1122x33,<sup>3</sup> en ekki getur það talist líklegt. Skrifandi menn hafa tæpast verið á hverju strái svo snemma, og bændur varla orðnir það vanir ritmáli að þeir sæju sér hag í því að festa máldaga á skinn, eða tækju sérstakt mark á því að heyra slíkt lesið upp á þingum. Í Evrópu leið langur tími þar til menn voru farnir að treysta skjölum, og ekki ástæða til að ætla að því hafi verið neitt óðrúfvi farið hér. Ef ákvæðið er fornt, þá er a.m.k. ekki líklegt að eftir því hafi verið farið - fjöldi varðveittra máldaga frá 12. og 13. öld bendir heldur ekki til þess.

Í Íslenzku fornbréfasafni eru liðlega 120 máldagar tímasettir til 12. og 13. aldar, og þó að einstökum ársetningum sé lítt treystandi, má færa gild rök fyrir því að meirihluti þeirra sé eldri en frá miðri 14. öld. Allir eru þessir máldagar úr Skálholtsbiskupsdæmi og sýnir samanburður á þeim og máldagahefð þeirri sem Vilchinsbók (1397)<sup>4</sup> er heillegastur fulltrúi fyrir, að þeir eru flestir afrit af stofn- eða vígslumáldögum. Þorri þeirra er aðeins varðveittur í tveimur handritum frá um 1600 (AM 263 fol. og Þsjks. Bps. A,II, 1) en í þau hafa verið afritaðir lausir máldagar sem þá lágu við stólinn og ekki áttu sér samsvaranir í

<sup>1</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* II, 425-89.

<sup>2</sup> *Grágás* Ia, 15, sbr Ib, 218.

<sup>3</sup> *Grágás* Ia, 36.

<sup>4</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, 38-240.

Vilchinsbók eða yngri máldagasöfnum. Aðeins einn máldagi er til í frumgerð (Reykholtsmáldagi), 7 er hægt að tengja mönnum frá 12. öld og 23 mönnum frá 13. öld. Um aðra verður lítið sagt. Elsti hluti Reykholtsmáldaga<sup>5</sup> er frá því laust fyrir 1200 en hann er allur mjög ólíkur öllum hinum, bæði að innihaldi og efnisskipan, og þó að tilgangur hans hafi líklega verið lítillega annar en hinna (skrá um eignir og gjafir í vörslu kirkjubónda en ekki samningur bónda og biskups um eignir, sóknarstærð og skyldusöng) þá er munurinn svo mikill að ætla verður að þeir máldagar aðrir sem rekja má til 12. aldar séu ekki varðveittir í upprunalegri mynd, heldur umskrifaðir í samræmi við yngri máldagahefð. Það breytir því auðvitað ekki að þær upplýsingar sem tengja má 12. aldar mönnum hljóta að hafa verið ritaðar á þeim tíma. Í skrá um setningu sælubús á Bakka er þess getið að það hafi verið gert með ráðum Gissurar biskups,<sup>6</sup> og verður því að telja að upplýsingar á þá leið hafi verið skráðar um hans daga eða stuttu síðar, en seint verður sýnt að máldaginn í þeirri mynd sem hann þekktist nú sé svo gamall. Gefendur sælubúsins á Bakka, Tanni og Hallfríður, koma líka við sögu í máldaga kirkjunnar undir Hrauni þar sem Þorlákur biskup er einnig nefndur.<sup>7</sup> Sá máldagi er eldri en annar forn máldagi sem getur um staðarsetningu undir Hrauni.<sup>8</sup> Í máldaganum sem ætti að vera eldri kemur fram talsvert meiri kvikfjáreign og ýmis önnur atriði má finna sem gera innbyrðis afstöðu máldaganna tveggja sérkennilega. Verður annaðhvort að ætla að annar þeirra sé að einhverju leyti falsaður, eða að við báða hafi verið bætt löngu eftir að Tanni og Hallfríður bjuggu undir Hrauni. Svipuðu máli gegnir um Stafholtsmáldaga sem greinir frá staðarsetningu Steina prests Þorvarðssonar.<sup>9</sup> Steini er talinn í skrá um kynborna presta íslenska frá 1143<sup>10</sup> og hefur verið dáinn fyrir nokkru þegar Eyjólfur Stafhylltingur bjó í Stafholti um 1180.<sup>11</sup> Eins og Jón Sigurðsson benti á er síðasta grein máldagans frá 14. öld og líklegt er að greinin um presta og ómaga sé líka yngri en frá 12. öld - ákvæðið um ómagavist er einkennilegt ef Steini hefur sjálfur staðið yfir ritun máldagans. Fyrri hluti máldagans þar sem greint er frá gjöfum Steina hlýtur þó að stafa frá hans tíð, en hvort þar er hárrétt greint frá eða hvort einhverju hefur verið bætt inn seinna verður ekki vitað. Kvikfjáreign er talsvert önnur

<sup>5</sup> *Reykholts-máldagi. Det originale pergaments-dokument over Reykjaholt kirkegods og -inventarium i 12. og 13. årh., litografisk gengivet, samt udførlig fortolket og oplyst, København 1885.*

<sup>6</sup> *Íslenskt fornbréfasafn I, 169.*

<sup>7</sup> *Íslenskt fornbréfasafn I, 174.*

<sup>8</sup> *Íslenskt fornbréfasafn I, 278-9.*

<sup>9</sup> *Íslenskt fornbréfasafn I, 179-80.*

<sup>10</sup> *Íslenskt fornbréfasafn I, 185-6.*

<sup>11</sup> *Biskupa sögur* (Ed. Arn. series A, vol. 13,2), Jón Helgason ed. København 1978, 257. sbr. *Guðmundar sögur biskups I* (Ed. Arn. series B, vol 6), Stefán Karlsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn 1983, 53.

samkvæmt þessum máldaga en í Vilchinsmáldaga Stafholtskirkju,<sup>12</sup> og jarðeign meiri viðbótin við stofnmáldagann hefur skógarvöll í Skarðstungu umfram Vilchinsmáldagann - en annars eru þeir samhljóða um landareign. Það bendir ekki til þess að meira en 200 ár séu á milli þesara skjala og er sennilegast að stofnmáldaginn sé 13. eða 14. aldar samsetningur sem að einhverju leyti er byggður á heimild um staðarsetningu Steina frá 12. öld. Þess má einnig geta að í yngri gerð Þorlákssögu þar sem fjallað er um Bæjar-Högná mál, er sagt frá staðarsetningu Steina og ómagavist þeirri sem hann kvað á um. Það er í hæsta máta undarleg tilviljun að jafnfágæt tilvitnun um kirkju, skuli einmitt vera um einn af þeim örfáu stöðum sem máldagi hefur varðveist frá. Líklegast er að varðveisla máldagans standi í einhverju samhengi við yngri gerð Þorlákssögu, og að hann sé verk staðamanna.

Elsti máldagi sem færa má rök fyrir að sé að mestu óbrennlaður er um staðarsetningu Brands Þórarinssonar á Húsafelli frá seinni hluta 12. aldar.<sup>13</sup> Staðurinn hefur verið settur í tíð Klængs biskups (1152-76) og máldaginn skrifaður þá eða skömmu síðar. Eins og margir aðrir fornir máldagar fjallar þessi lítið um eignir kirkjunnar, en nákvæmlega um messusöng, kirkjulýsingu, gróft, ómagavist, staðarvarðveislu og staðarábyrgð. Hann hefur á sér blæ lagamáls; flóknar og ítarlegar útskýringar á messusöngstínum og staðarvarðveislu, og meira að segja refsíakvæði: ef helgan dag missir tíða, þá skal veita þurfamönnum í þrjú mál - sem er einstakt. Í máldaga Húsafells eru allt aðrar áherslur en í 14. aldar máldögum, sem fjalla fyrst og fremst um fasteignir og lausafé kirknanna, tekjur þeirra af tíundum og tollum, og reikningsskil. Elstu dæmin um máldaga af því tagi sem unt er að tímasetja eru fjórir máldagar samdir á biskupstíð Sigvarðar Þéttmarssonar (1238-68) af honum og Brandi Jónssyni.<sup>14</sup> Í þessum máldögum sést að um miðja 13. öld hafa hefðir skapast um hvað standa ætti í máldögum, röð upplýsinganna og framsetningu þeirra, og urðu engar meginbreytingar á þessu fyrir en á 16. öld.

Þó að máldagar Sigvarðar séu líkir, þá eru þeir alls ekki staðlaðir og augljóslega ekki sniðnir eftir fastákveðnum fyrirmyndum, hvað þá að hugmyndir um nauðsyn samræmis hafi komið þar nokkurs staðar nálægt. Slíkra hugmynda verður fyrst vart í byrjun 14. aldar. Árið 1318 lét Auðun biskup rauði 'innvirðulega skoða og reikna göss allra kirkna í sínu biskupsdæmi og það á ... bók skrásetja [sem] hann fann sannlegast og réttilegast hvað hver kirkja ætti að fornu og nýju í lausu og föstu.'<sup>15</sup> Má telja að máldagabók hans sé eitt mesta bókhaldasafrek á Íslandi á miðöldum. Á henni eru máldagar

<sup>12</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* IV, 188-90.

<sup>13</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* VII, 1-2.

<sup>14</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* I, 522, 592, 594, 596.

<sup>15</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* II, 425 - fært til nútímastafsetningar.

98 sóknarkirkna í Hólabiskupsdæmi og vantar aðeins um 10 að gerð sé grein fyrir þeim öllum. Safnið er greinilega byggt á eldri máldögum og skjölum, en miðað starf hefur verið unnið við að endurraða upplýsingunum og koma á sem mestu samræmi. Með þessu safni hafa Hólabiskupar í fyrsta skipti haft aðgang að handhægu yfirliti um eignir og ástand kirknanna í biskupsdæminu, og er ekki að efa að það hefur stórauðvelað kirkjustjórn og hert aðhaldið að kirkjubændum. Árið 1319 kvarta norðlenskir bændur sáran við Hákon konung hálegg um yfirgang Auðuns og kröfuhörku.<sup>16</sup> Ekki er að efa að sókn Auðuns á hendur bændum byggðist á árangri skipulegrar gagnasöfnunar. Sambærilegt máldagasafn var aldrei sett saman í Skálholtsbiskupsdæmi, en þar gætti þó svipaðra hræringa í byrjun 14. aldar. Til er reitingur af máldögum frá biskupunum Jóni Halldórssyni (1322-39), Jóni Sigurðssyni (1343-48) og Gyrði Ívarssyni (1350-60) og nokkrir að auki sem virðast vera frá þeirra tímum. Séra Jón í Hítardal getur um máldagabók í Skálholti sem hann telur hafa verið gerða af Jóni biskupi Halldórssyni,<sup>17</sup> og má vera að hann hafi fyrstur safnað máldögum Skálholtsbiskupsdæmis á bók, en elsta þekktu máldagasafn þaðan er Hítardalsbók, sem aðeins er til í ágripi,<sup>18</sup> og mun hafa verið sett saman á tímum Oddgeirs biskups (1365-81) þó að bæði Michael (1382-91) og Vilchin (1391-1405) hafi bætt við hana. Vilchin lét síðan rita máldaga á enn nýja bók 1397, og varð hún undirstaða kirkjubókhalds stólsins fram á 16. öld. Talsvert samræmi er á efnisskipan, framsetningu og skilgreiningum í máldögum í Vilchinsbók, einkanlega á hálfkirknamáldögum og öðrum sem samdir hafa verið seint á 14. öld, en ekki er það þó sambærilegt við Auðunarmáldaga. Það lítur út fyrir að máldagasöfnun hafi hafist í Skálholtsbiskupsdæmi á fyrsta fjórðungi 14. aldar en tekið hafi mun lengri tíma að koma saman heildstæðu safni þar en fyrir norðan.

Af þessu yfirliti um skjalagerð frá 12. og fram á 14. öld má ráða að menn hafa mjög snemma byrjað að festa upplýsingar um gjafir til kirkna á skinn, en lítið verður sagt um á hvaða hátt það var gert eða hver tilgangurinn var með slíkri skjalagerð. Á seinni hluta 12. aldar eru dæmi annarsvegar um mjög hráar eignaskrár geymdar við kirkjur (Reykholtsmáldagi) og hinsvegar samninga um rekstur kirkna sem væntanlega hafa verið geymdir bæði við kirkju og á biskupssetri (Húsafellsmáldagi). Þessir fornu máldagar eru mjög ólíkir þeim sem seinna voru gerðir, og það var ekki fyrr en um miðja 13. öld að hefðir um ritun máldaga höfðu skapast. Ekkert bendir til að ritun máldaga hafi verið algeng, hað þá að þeir hafi verið notaðir sem bókhaldsgögn eins og varð á 14. öld.

<sup>16</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* II, 489-91.

<sup>17</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* II, 676.

<sup>18</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* III, 215-35, 774-6.

Hugsanlegt er, og raunar líklegt, að þeir máldagar sem varðveist hafa hafi frá öndverðu verið geymdir við biskupsstólana, en ekki lftur út fyrir að þeim hafi verið raðað á aðgengilegan hátt eða þeir notaðir við kirkjustjórn. Það var ekki fyrir en í byrjun 14. aldar að áhugi manna vaknaði á að koma skipulagi á þau ókjör upplýsinga sem máldagar geyma, og nota þær við skipulagningu og stjórn á eignum og hagsmunum kirkjunnar.

Munurinn á máldögum 12. og 13. aldar og máldagasöfnum síðmiðalda er að hinir fyrrnefndu voru samdir sem vitnisburðir um atburði; gjafir, staðarsetningar o.þ.h. og höfðu þannig ákveðið lagalegt gildi en hafa varla verið notaðir nema til að skera úr um ágreining. Máldagasöfn 14. aldar þjónuðu þessu hlutverki en voru einnig virk bókhaldsgögn, í þeim skilningi að af þeim mátti fá heildarmynd um ástand kirkjueigna og að þeim var haldið við - nýjum upplýsingum var reglulega bætt við eldri stofn - þannig að hægt var að fylgjast með vexti og viðgangi hverrar kirkju líka.

Um kirkjuleg skjöl á 12. og 13. öld önnur en máldaga er varla að ræða; kirknatal Páls biskups (1195-1211) er elsta vísbending um viðleitni biskupa til að skrá skipulega upplýsingar til að auðvelda kirkjustjórn. Sú skrá er aðeins beinagrind hjá máldagasöfnum 14. aldar og sýnir það líklega vel á hvaða stigi skjalahald biskupsstólanna var um 1200. Frá þessum öldum hefur aðeins eitt skjal frá leikmönnum varðveist, en það er reglugerð Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði frá 1241x52.<sup>19</sup> Reglugerðin sýnir að höfðingjar létu rita formleg skjöl, en af henni verða engar ályktanir dregnar um hversu algengt það hefur verið, eða hversu mikilvæg skjalagerð var fyrir héraðsstjórn þeirra. Það hve fá slík skjöl hafa varðveist bendir ekki til að þau hafi verið mikið höfð um hönd, og líklegt má telja að höfðingjar hafi aðeins látið gera skjöl um úrskurði sem höfðu gildi lagasetninga.

Það verður vart um það deilt að Íslendingar á 12. og 13. öld höfðu meira en venjulegan áhuga á fortíðinni, bæði sinni eigin og þeirra þjóða er þeir töldu sér skyldastar. Íslendingabók, Landnáma, Íslendingasögur, Konungasögur, Sturlunga og Biskupasögur eru allar til vitnis um þennan áhuga og voru uppistaðan í því sem Íslendingar sömdu sjálfir á þessum öldum. Hvaðan Íslendingum kom þessi áhugi er kannski ekki svo athyglisvert - öll samfélög hafa áhuga á fortíð sinni og segja um hana sögur. Hitt er merkilegra að áhuginn hafi verið svo mikill að fjöldi manna fékkst við að semja sögur um fortíðina og festu eða létu festa þær á bókfell. Það er varla nein einhlít skýring á þessu háttalagi. Óbeinar fyrirmyndir höfðu menn erlendis frá, því að á sama tíma voru hetjukvæði um fjarlægja fortíð í tísku meðal hefðarfólks í Evrópu - og Íslendingum hefur aldrei verið tamt

<sup>19</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 1, 536-7.

að bera sig saman við annað en höfðingja. Það eitt getur þó ekki skýrt sagnagerð Íslendinga - það að fyrirmynd megi finna skýrir ekki af hverju hún var notuð. Meira máli hefur skipt að Íslendingar voru að móta nýtt samfélag og bjuggu við þá óvenjulegu, og líklega ónotalegu, þekkingu að vita að það var nýorðið til. Þá upptöku hefur þurft að útskýra og sömuleiðis hefur þurft að búa til hugmyndir um eðli þessa nýja samfélags. Það þurfti beinlínis að fylla hið nýja land af sögum sem útskýrðu hverskonar fólk byggi þar, hvernig það hegðaði sér og af hverju það hefði áhyggjur. Aðeins með slíkan tilvísunarramma geta menn verið öruggir með sjálfa sig og samfélag sitt, og það hefur verið rík ástæða fyrir Íslendinga að bæta úr ómótaðri sjálfsmynd sinni með því að grípa fast um fjöðurstafinn um leið og þeir kynntust skriftartækninni. Eflaust hefur fleira komið til, og eftir að hillumetrinum tók að fjölga hefur sagnagerð öðlast sjálfstætt líf, orðið forsenda fyrir frekari afrekum á ritvælinum, og jafnframt megináferð Íslendinga til að lýsa sjálfum sér, aðstæðum sínum og umhverfi. Það er þannig líklegt að Íslendingar hafi þróað með sér æ sterkari söguvitund í kjölfar 12. og 13. aldar, bæði í þeim skilningi að myndin af fortíðinni hefur orðið skýrari og að þeim hefur orðið enn tamara að hugsa, og tjá sig, um samfélag sitt með sögum.

Í þessu samhengi er athyglisvert að skoða Landnámabók og tilganginn með ritun hennar. Sú skoðun hefur verið sett fram, og öðlast nokkurt fylgi, að landnámsfrásagnir hafi verið settar á bók til að skjóta stoðum undir landakröfur 12. og 13. aldar manna.<sup>20</sup> Það eru augljósir gallar á þessari kenningu,<sup>21</sup> t.d. er ekki hægt að sýna að þetta geti átt við um nema brot af landnáms sögunum, auk þess sem ritið er troðfullt af upplýsingum sem erfitt er að sjá að þjóni slíku markmiði. Hin meginkenningin um ástæður landnámaskráningar er að þar hafi ráðið mestu fróðleiksfýsn - ást á þekkingu og löngun til að varðveita hana. Þessar tvær kenningar þurfa ekki að stangast á; önnur þarf ekki að útiloka hina nema hún sé skilin mjög einstrengingslega. Þekking getur auðvitað ekki verið hlutlaus; hún mótast af aðstæðum þeirra sem varðveita hana, áhugamálum þeirra og hagsmunum. Það er ekki ástæða til að ætla að Kolskeggur og Ari, eða sporgöngumenn þeirra Styrmir, Sturla og Haukur hafi vitandi vits haft kenningar um gildi þekkingar, eða gert mikinn greinarmun á þekkingu þekkingarinnar vegna og fróðleik sem gæti stutt einhverja hagsmuni. Miklu nær er að líta svo á að markmið Landnámu hafi verið að safna fróðleik um það sem skipti einna mestu máli í samfélagi miðalda: eignarhald á landi.

<sup>20</sup> Barði Guðmundsson: 'Uppruni Landnámabókar.' *Skírnir* 112 (1938): 5-22. Sveinbjörn Rafnsson: *Studier i Landnámabók: Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia*, (Bibliotheca historica Lundensis 33) Lund 1974.

<sup>21</sup> Sbr. Jón Jóhannesson: 'Sannfræði og uppruni Landnámu.' *Saga* 2 (1954): 217-229. Jakob Benediktsson: 'Markmið Landnámabókar: Nýjar rannsóknir.' *Skírnir* 148 (1974): 207-215.



Sérhagsmunir safnaranna hafi ekki stýrt gerðum þeirra, heldur viljinn til að búa til heildstæða lýsingu á því sem í þeirra augum vöru upprunalegar ástæður samfélagsskipaninnar. Það segir auðvitað mikið um samfélag þeirra og hugsunarhátt hvaða form þeir völdu verkinu. Af því má ráða að í þessu samfélagi skipti hefðarrétturinn og upphafleg skipan hlutanna meira máli en aðstæður í samtímanum; sögur um liðna tíma voru nothæfari og skiljanlegri samfélagslýsing en athugun eða skráning á samtímaástandi.

Skömmu áður en þeir Kolskeggur og Ari munu hafa lagt drögin að Frum-Landnámu gerðu nýbakaðir herrar Englands jarðamat um allt landið og létu ráða á skrá nákvæmar upplýsingar um efnahag hverrar landareignar og þær eignir sem henni fylgdu. Með Domesday Book fengu Normannarnir gott og nákvæmt yfirlit um ástand landsins og þann auð sem þeir gátu nýtt og stjórnað. Fátt er líft með Domesday Book og Landnámabók annað en það að báðar fjalla um jarðareign á landsvísi. Forsendur verkanna voru gerólfkar, upplýsingarnar sem safnað var aðrar og framsetningin önnur. Engu að síður má líta svo á að báðar bækurnar hafi átt að þjóna svipuðum tilgangi. Normannar unnu England með hervaldi og bjuggu sig undir að stjórna því sem herraþjóð. Fyrir þeim höfðu sögulegar forsendur eignarhalds enga merkingu, en verðgildi jarða, stærð sáðlands og fjöldi landseta voru upplýsingar sem komu þeim að gagni til að endurskipuleggja eignarhald og öðlast betri skilning á ástandi landsins - en slíkur skilningur hlýtur að vera forsenda skilvirkar landstjórnar. Á Íslandi var ekkert framkvæmdavald sem hefði getað nýtt sér upplýsingar eins og þær sem safnað var í Domesday Book, en þar bjó yfirstétt sem skilgreindi stöðu sína og völd með tilvísun í fortíðina. Það voru sameiginlegir hagsmunir höfðingja og kynborinna bænda að safna í einn stað upplýsingum um ástæður ríkjandi ástands, en skilningur á þeim var forsenda valds. Bæði verkin eru því hagnýting: Domesday Book lýsir ástandi landsins á svipuðan máta og við gerum enn í dag, en Landnámabók lýsir forsendum samfélagsskipanar 12. og 13. aldar Íslendinga á þann hátt sem þeir skildu.

Íslendingar kynntust ritmáli löngu áður en nokkrar stjórnarstofnanir urðu til sem hefðu getað safnað, geymt og hagnýtt sér hlutlægar upplýsingar um samfélagið. Einföld samfélagsskipan þeirra hvorki þarfnadist né gat nýtt sér slíkar upplýsingar. Öll samfélög hafa hinsvegar þörf fyrir einhverskonar samfélagslýsingu og ritmálið gerði Íslendingum kleift að festa sína á bækur. Samfélagslýsing Landnámu er örðuvísi en sú lýsing sem bókláust samfélag hefði getað gefið af sér. Aðeins skriftartæknin gat gert mönnum kleift að safna jafnmiklum upplýsingum svo skipulega. Eðli upplýsinganna er hinsvegar það sama og verið hafði í munnlegri geymd; ekki er ástæða til að ætla að stakar landnámssögur hafi tekið eðlisbreytingum frá því að vera hluti af sagnabanka fræðapula á 11. öld þar til þær voru festar á skinn. Form sagnanna gat breyst og hugsanlega einstök efnisatriði, en þær

héldu áfram að vera sögur og vægi upplýsinga sem geymdar voru í sögum helst óbreytt við að komast á bók, eða jókst jafnvel.

Miðað við önnur samfélög bjuggu Íslendingar við einfalda samfélagsskipan fram á 20. öld, en marktækar breytingar urðu þó á henni í kjölfar 12. og einkum 13. aldar. Valdasambjöppun innanlands hafði það í för með sér að einstakir menn fóru að hafa vald yfir miklu fleira fólki en þeir gátu með góðu móti séð um að kúga persónulega. Það leiddi aftur af sér formlegar skilgreiningar á valdsviði einstaklinga, þ.e. embætti, og fyrstu drög að eiginlegri stjórnsýslu. Á sama tíma eflidist innri stjórn kirkjunnar, og hún varð smátt og smátt að stofnun sem taldi sig hafa afmarkað valdsvið og eigin hagsmunum að gæta. Eins og sést af stóruakinni skjalagerð á 14. öld urð þessar breytingar til þess að menn fóru að reiða sig meira á skjöl í stjórnsýslu og vöndu sig á að nota hlutlægar upplýsingar í stað sagna til að lýsa umhverfi sínu og aðstæðum.

Í Árna sögu biskups, sem mun skrifuð laust eftir 1300, eru skjalaheimildir miklu fyrirferðarmeiri en í eldri samtímasögum.<sup>22</sup> Það segir okkur fyrst og fremst að undir lok 13. aldar voru nægilega mörg bréf og skjöl gerð og geymd í Skálholti til að hægt var að byggja á þeim rit um störf biskupa. Það segir okkur þó líka að menn voru farnir að treysta sískum heimildum jafnvel og, eða betur en, minni fróðra manna. Í því felst afstöðubreyting, ekki bara til sannverðugleika ritmáls, heldur og til þess hvaða upplýsingar þóttu markverðar. Það er augljóst að upplýsingar í bréfum og skjölum eru aðrar og öðruvísi en þær sem geymast í minni. Það hvaða upplýsingar lenda í skjali eða bréfi ræðst af tilgangi þess, skoðunum og vilja ritarans, meðan minningar mótast af gildismati þess sem hefur þær og breytast með breyttum aðstæðum hans. Það var nýjung að láta skjalaheimildir ráða efnistökmum við sagnasmíð, en jafnframt upphaf endaloka sagnagerðar um innlenda atburði. Skjöl komu í stað sagna í þeim skilningi að þau fóru að þykja haldbetri heimildir um atburði og geyma betri lýsingu á samfélaginu. Breytingar á sagnagerð á 13. öld styrkja þessa túlkun. Árið 1246 lét Þórður kakali lesa upp fyrir Hákonu konungi gamla rollu sem hann hafði látið rita um deilur sínar við Haukdæli.<sup>23</sup> Um þetta verk verður fátt sagt, annað en það lífur ekki út fyrir að hafa verið formlegt skjal af neinni þekktri gerð. Formið hefur líklega verið frásögn af svipuðu tagi og sögurnar í Sturlungu, en ritið hefur klárlega ekki verið samið í þeim tilgangi einum að varðveita fróðleik eða skemmta áheyrendum/lesendum. Það hefur verið samið sem skýrsla um

<sup>22</sup> *Árna saga biskups*, (Rit Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi 2), Þorleifur Hauksson gaf út, Reykjavík 1972. Sjá formála, einkum c-civ.

<sup>23</sup> *Sturlunga saga. Árna saga biskups. Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka*, Reykjavík 1988, 545.

atburði, sem hægt væri að nota til að hafa áhrif á menn, og hugsanlega beinlínis til að auðvelda Þórði málflutninginn. Það segir líklega talsvert um tilraun þessa og samfélagið sem hún var gerð í, að Hákon konungur lét ekki segjast og hallaðist að Gissuri Þorvaldssyni, sem rak mál sitt munnlega, uns Vilhjálmur kardináli var beðinn álitis og tók málstað Þórðar.<sup>24</sup> Ekki kemur fram að Vilhjálmur hafi heyrt rollu Þórðar, en hafi hann kynnt sér málið rækilega þá hlýtur hann að hafa vitað af henni og í Róm höfðu menn fyrir löngu vanið sig á að taka vitnisburð ritmáls fram yfir munnlegan framburð. Rolla Þórðar kakala stendur á mótum sagnagerðar og skjalagerðar: hún hefur haft tilgang skjals en form sögu. Breytingar í sömu átt má greina innan Sturlungu safnsins. Íslendinga saga Sturlu Þórðarsonar sker sig úr, að því leyti að hún fjallar ekki um eina meginöguhetju eða afmarkaða atburðarás, heldur er í henni reynt að gera grein fyrir öllum helstu pólitísku atburðum á ákveðnu tímabili. Hún líkist því meira króníku en heildstæðri sögu. Við vitum ekki hvað vakti fyrir Sturlu með verki hans, og er ástæðulaust að gera honum upp önnur markmið en að hafa viljað halda til haga upplýsingum um atburði sem hann hefur líklega getað gert sér grein fyrir að leiddu til grundvallarbreytinga á íslenskum stjórnmálum. Ekki er að sjá að Sturla hafi stuðst mikið við skjöl eða önnur skrifleg gögn - hafi svo verið hefur hann ekki látið þau hafa mikil áhrif á efnistöð sína. Formið sem hann valdi verki sínu er hins vegar allsólfkt fyrri tilraunum til samfélagslýsingar. Flókinni atburðarás er fylgt nákvæmlega, þannig að henni er ekki hægt að deila niður í röð styttri sagna né segja sem eina heila sögu. Íslendinga saga er þannig sannkallað bókverk, sem hvorki hefði verið hægt að semja né er hægt að skilja án milligöngu ritmáls. Það má því segja að Sturla hafi brotið af sér viðjar sögunnar, samið samfélagslýsingu sem ekki laut lög málum hennar og þar með náð að skoða atburðarás á mun ótakmarkaðri hátt en áður hafði verið hægt. Í þessu felst að á seinni hluta 13. aldar voru menn byrjaðir að fjalla um umhverfi sitt og aðstæður, í fyrsta lagi með tilvísun í æ nálægari fortíð og í öðru lagi án þess að vera háðir hinu hefðbundna söguformi. Hlutlægni er gildishlaðið orð, en það á samt við um þessa breytingu: í stað þess að lýsa samfélaginu með sögum þar sem vægi upplýsinga réðst af frásöguforminu og jafnvel list sögumannsins var athyglinni beint að upplýsingunum sjálfum og gildi þeirra, og búningurinn sem þeim var valinn látinn ráðast af væginu sem þeim var ætlað. Íslendinga saga Sturlu og Árna saga biskups bera merki þessara breytinga hvor á sinn hátt, en meginumskiptin urðu í snaraukinni skjalagerð og þeirri breyttu sýn á samfélagið sem skjölunum fylgdi

---

<sup>24</sup> *Sturlunga saga* . . . , 546-547.

Ekkert framhald varð á sagnagerð f anda Sturlu Þórðarsonar og ritun sagna um innlenda atburði leið undir lok á 14. öld. Þörfinni til að lýsa samtíma manna var svarað með sfaukinni skjalagerð á aðskiljanlegustu sviðum samfélagsins og skipulegri vörslu skjala. Skjöl komu auðvitað ekki alfarið f stað sagna um innlenda atburði og þó að gerð slíkra sagna hafi lagst af hafa menn ekki hætt að lesa/hlusta á þær og umskrifa. Þörfin til að rita sögur um innanlandsmál virðist einfaldlega hafa verið uppfyllt - f byrjun 14. aldar var búið að fylla landið af sögum og búa til fortíð sem nægði íslensku samfélagi. Sköpunarþörfinni var beint inn á aðrar brautir og líklega sýnu meira æsandi, ægifagar prinsessur og fólkorrustur f furðulegum löndum urðu nóg efni fyrir ímyndunarafi þjóðarinnar.

Ísland var nálega einstakt meðal skrifandi samfélaga á miðöldum að því leyti að það hafði svotil engar valdastofnanir fyrr en 100-200 árum eftir að ritlistin var innleidd. Af því leiddi að form þeirra ritverka sem Íslendingar skópu var f beinu og eðlislísku framhaldi af þeim munnlegu sögum sem bóklæsa samfélagið hafði varðveitt ímynd sína f. Það var ekki fyrr en valdastofnanir urðu til f kjölfar 13. aldar að skjalfesting upplýsinga tók á sig það form sem tíðkaðist f flóknari samfélögum.

## OM SAMTIDSSAGAENS KILDEVÆRDI belyst ved Hákonar saga Hákonarsonar

Ólafía Einarsdóttir

**Indledning.** Inden for nordisk middelalderforskning har man i de seneste generationer haft den grundlæggende opfattelse, når det gjaldt beretning om en tildragelse, at samtiden almindeligvis måtte formodes at videregive virkeligheden mere sandfærdigt end eftertiden ville kunne gøre det. Følgerne heraf for vurderingen af de norrøne kilder har været, at samtids sagaen er blevet hævet til skyerne, medens 'fortidssagaen', der gerne havde været vejen om ad det mundtlige fortælle stadium, nu i vid udstrækning er blevet affærdiget som ikke værende historisk brugbar. Langt den største del af den norrøne skriftlighed tilhører imidlertid den sidstnævnte gruppe og er meget atypisk, set på europæisk baggrund. De i dag bevarede kilder fra europæisk middelalder er altovervejende af officiel karakter og er blevet til hos de verdslige og kirkelige magthavere og for det meste opbevaret i disses arkiver. Dette var normen for middelalderlige skriftlige kilders beskaffenhed og overlevelsesmuligheder – en naturlig følge af, at konge og kirke var de faktorer i samfundet der sad på skriften og fremstillede bogligt materiale. Når det islandske bondesamfund ønskede at befatte sig med boglig fremstilling, var både ophavssituation og miljø atypisk, og det var også det publikum man skrev for. I Island havde man et specielt antikveret samfund med en væsentlig anden interessehorizont end de lærde europæiske miljøer havde. Resultatet af islændingenes flid med pen og kalveskind blev også meget forskelligt fra den litterære aktivitet ude i Europa. Og det er hele denne anderledeshed som gør, at de norrøne kilder har voldt de skandinaviske historikere så store problemer i vort århundrede.

I løbet af det 19. og især det 20. årh. er religionen gradvis blevet erstattet af en videnskabeligt orienteret eksistentialisme, præget af en søgen efter en entydig sandhedserkendelse. Det som man troede på skulle nu også helst kunne bevises som værende sandt. Inden for historieforskningen kom man derfor til at sondre skarpt mellem samtidigt nedtegnet materiale og så diverse andre kildetyper, der kategoriseredes som værende sekundære i forhold hertil. Det var den tyske skole i forrige århundrede ledet af L. Ranke som etablerede begrebet et arkivmateriales primære kildeværdi, og dette fik stor indflydelse på skandinavisk historieforskning. I grunden er dog de fleste typer arkivmateriale nedtegnet med et eller andet praktisk formål for øje og forvandles egentlig først til historie efter at være underkastet en behandling af en historicus. De gængse norrøne historiske kilder er narrative og ofte litterært udformede og kan være relateret både til den offentlige og den private sfære, medens det middelalderlige arkivmateriale udpræget hører til det offentlige område. – I vore dages samfund, der så stærkt ønsker at betone historien som en eksakt videnskab, bliver denne særlig følsom over for hvornår og under hvilke omstændigheder projektorlyset kastes ind over det historiske landskab. Ophavssituationen for en given historisk kilde må naturligvis blive nøglen til forståelse og fortolkning af den i eftertiden. I lys af de ovenfor kort skitserede forhold træder et af de norrøne kilders handicaps som historiske kilder åbenlyst frem, hvorfor disse kilder overvejende har fundet et hjemsted i den litterære fold.